

Fundargerð keppnisráðs AKÍS í rally

Fundur haldinn 16. september 2025 kl. 19:30 á Zoom.

Mættir: Sigurður Arnar Pálsson AÍFS og Aðalsteinn Símonarson BÍKR.

Gestir – Valdimar Sveinsson BÍKR ásamt Vigdís Póroldsdóttur og Halldóri Vilberg frá AÍFS.

Fundargerð ritaði AS

1. Lokanir sérleiða

Nokkuð hefur borið á að lokunum á sérleiðum sé ekki framfylgt með sama hætti allstaðar. Málið var rætt frá ýmsum hliðum og voru fundarmenn sammála um að betur mætti gera, t.d. að myndatökufólk sem hefði leyfir frá keppnishaldara til sinna starfa væri merkt vel. Ákveðið að keppnisráðið taki saman tillögur að verklagi við lokun leiða og hugsanlegan forgang fjölmiðlafólks og leggi fyrir keppnishaldara.

2. Kostun á mótaröð flokks C

Rætt um þann möguleika sem er í reglum fyrir flokk C að hann beri nafn kostunaraðila. Keppnisráðið ítrekaði við keppnishaldara að ganga frá samningi um slíkt tímanlega fyrir næsta keppnistímabil ef áhugi væri á að nýta þenna möguleika, en samkvæmt reglum þarf að tilkynna um hann á heimasíðu AKÍS fyrir 15. mars ár hvert ef hann á að gilda næsta keppnistímabil á eftir.

3. Ökumenn án ökuskírteinis

Í keppnum ársins hafa tekið þátt nokkrir ökumenn sem enn hafa ekki tekið bílpróf og eru því ekki með ökuskírteini. Í öllum tilfellum hefur það verið gert undir merkjum æfingaaksturs og með fullri vitund og heimild lögreglu.

4. Tímatökubúnaður

Allir sammála um mikilvægi þess að nauðsynlegt sé að fá sjálfvirkan tímatökubúnað. Fram kom að flestur erlendur búnaður sem í boði sé væri of dýr og innlendur búnaður e.t.v. ekki nægjanlega traustur. Keppnisráðið ítrekaði að það væri keppnishaldaranna að hafa frumkvæði í málinu. Fram koma að AÍFS hyggst prófa að nota innlandan búnað fyrir hluta keppenda í keppni hjá sér 4. okt. n.k.

5. Reglubreytingar fyrir 2026

Ýmislegt rætt, s.s. kröfur um stóla, notkun „maxtíma“ á sérleiðum, útlit / innihald leiðabóka o.fl. Keppnisráðið mun leita eftir frekari tillögum og leggja fyrir AKÍS á tilsettum tíma í haust.

6. Önnur mál

Fundur í lok tímabils - Stefnan er sett á þriðjudaginn 7. okt., þar geta allir komið með sínar tillögur og hugmyndir.

Fyrirkomulag keppna – Fram kom ríkur vilji til að allar keppnir í Íslandsmóti væru „alvöru“ keppnir þar sem ferjuleiðir væru hluti af íþróttinni og ættu því að vera meira en örlítill hluti ekinna kílómetra.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 20.40